

## HVERFISRÁÐ LAUGARDALS

Ár 2018, mánudaginn 26. febrúar, kl. 16:00 var haldinn 162. fundur hverfisráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis að Efstaleiti 1. Viðstödd voru: Heiðar Ingi Svansson formaður, Sandra Berg Cepero, Bjarni Jónsson, Elín Engilbertsdóttir og Sigurður Þórðarson áheyrnarfulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Lilja S. Jónsdóttir frá Íbúasamtökum Laugardals (ÍL), Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar, og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi borgarráðs, dags. 15. febrúar 2018, ásamt áfangaskýrslu starfshóps um skipulags- og uppbyggingarmál á íþróttasvæði Þróttar og Ármanns á Þróttarsvæði í Laugardal.

Lögð fram svohljóðandi bókun hverfisráðs:

Hverfisráð þakkar fyrir að fá áfangaskýrslu starfshópsins til kynningar og óskar eftir því að fá að fylgjast með framhaldi málsins. Skortur á íþróttastöðu innanhúss í skólum hverfisins og fyrir Þrótt er vandamál sem þarf að leysa. Þess vegna er mikilvægt að flýta þeirri vinnu sem vísað er til í skýrslunni en jafnframt að líta heildstætt á skipulag og nýtingu Laugardals.

- Kl. 16:30 tekur Lilja S. Jónsdóttir frá ÍL sæti á fundinum.

Ómar Einarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Fram fer umræða um tónlistarhátíðina Secret Solstice 2018 og kynningarfund sem fram fór 22. febrúar s.l.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð ítrekar fyrri afstöðu sína til þess að tónlistarhátíðin standi að hámarki yfir í 3 daga. Jafnframt óskar hverfisráð eftir því að umferð einkabifreiða um svæðið verði takmörkuð við íbúa, en tryggt verði samt sem áður aðgengi tónleikagesta með sérstökum almenningssamgöngum.

Ómar Einarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Lagt fram erindi frá borgarráði, dags. 31. janúar 2018, með beiðni um umsögn við drög að úthlutunarreglum Hverfissjóðs Reykjavíkurborgar. Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að koma á framfæri athugasemdum hverfisráðsins.
4. Fram fer umræða um tímalínu fyrir verkefnið Hverfið mitt Hugmyndasöfnun hefst 27. febrúar nk.

**Fundi slitið kl. 17:55**

Heiðar Ingi Svansson

Sandra Berg Cepero  
Elín Engilbertsdóttir

Bjarni Jónsson